

Gjaldskrá

fyrir afgreiðslu og þjónustu vegna skipulags- og byggingarmála og tengigjald vatnsveitu í Strandabyggð.

1. gr. - Byggingarleyfisgjöld.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta sérstaklega byggingarleyfisgjöld fyrir byggingar sem eru 10 m² eða minni nema um viðbyggingar sé að ræða (þær eru þó ávallt leyfis skyldar).

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útmæling fyrir húsi og hæðarkóta og reglubundið eftirlit.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóðar og samþykki fyrir breittri notkun húsa greiðist grunnjald samkvæmt eftirfarandi:

Grunnjald, byggingar allt að 60 m ²	23.081	kr.
Grunnjald, byggingar stærri en 60 m ²	35.595	"

Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga samkvæmt eftirfarandi:

Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótél, verslanir og skrifstofur	356	kr. pr. m ²
Íbúðarhús, verkstæði, virkjanir	259	"
Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker o.fl.	176	"
Frístundahús, veiðihús, fjallaskálar o.fl.	717	"

Byggingarleyfisgjöld eru innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

2. gr. - Afgreiðslugjöld og þjónustugjöld.


Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem byggingarfulltrúi eða byggingarnefnd veitir umfram þá sem er innifalinn í byggingarleyfisgjaldi í samræmi við kafla IX í lögum um mannvirki nr. 160/210.

1. Aðrar afgreiðslur byggingarnefndar/framkvæmdaleyfi	9.176	kr.
2. Lóðaúthlutunargjald óendurkræft	16.129	"
3. Vottorð um byggingarstig húsa	20.300	"
4. Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsingar	20.300	"
5. Endurskoðun aðaluppdráttar	13.348	"
6. Fyrir minniháttar grenndarkynningu	13.348	"
7. Fyrir meiriháttar grenndarkynningu	36.429	"
8. Fyrir útmælingu lóðar og lóðarsamnings	20.300	"
9. Fyrir breytingu á lóðarsamningi	13.348	"
11. Afgreiðsla skráningartöflu	25.862	"
12. Önnur vottorð	20.300	"

Við bætist þinglýsingarkostnaður vegna stofnskjala og lóðarleigusamninga sé um slíkan kostnað að ræða.

3. gr. - Tengigjald vatnsveitu.

Tengigjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

32 mm	174.121	kr.
40 mm	189.192	"

Starfsmenn vatnsveitu sjá um að leggja og tengja heimæðar, setja inntakskrana utanhúss og krana, síu og einstefnuloka inni í húsi.

Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt frá inntaksstað mannvirkis að krana í lóð á frostfríu dýpi samkvæmt fyrirmælum verkstjóra Áhaldahúss Strandabyggðar og fjarlægð frá stofnæð sé ekki meiri en 15 metrar.

Við endurnýjun eldri vatnsinntaka skal farið eftir framangreindum reglum en greitt verði eftir umfangi verks.

4. gr. - Tengigjald fráveitu.

Tengigjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við fráveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

Tengigjald fráveitu	55.617	kr.
---------------------	--------	-----

Miðað er við að lóðarhafi leggi frárennsli að lóðarmörkum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar.

5. gr. - Stöðuleyfi gáma o.þ.h.

Tímabundin stöðuleyfi hjólhýsa o.þ.h.	á ári		16.129	kr.
Tímabundin stöðuleyfi gáma o.þ.h.	á ári	20 fet	20.300	"
"	"	40 fet	34.204	"

Gámasvæði utan Víðidalsár:

Gámar 20 fet	á ári	8.343	kr.
Gámar 40 fet	á ári	16.685	"
Geymslusvæði-reitir á ári		9.342	"

6. gr. - Samþykkt og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, lög nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010.

Gjaldskráin sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, öðlast gildi við birtingu og falla þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrár.

Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við byggingarvísitölu í janúar 2019 (142,1 stig). Þau breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu sem þá hefur orðið á vísitölunni.

Samþykkt í sveitarstjórn Strandabyggðar 11. Desember 2018
Gildir frá 1. Janúar 2019